

# Lög um opinber fjármál

Breytt reikningskil – áhrif á stofnanir

Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri



# Löggjöf

- Ný lög um opinber fjármál (LOF) nr. 123/2015 tóku gildi 1.janúar 2016
  - Leysa af hólmi eldri lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997
- Veruleg breyting á umgjörð um opinber fjármál
  - Heildarumgjörð
  - Fjármálareglur
  - Langtímaáætlun
  - Breytt fjárlagagerð
  - Breyting á reikningssskilaaðferðum
- Áhrif á reikningssskil eru frá 1.janúar 2017 vegna bráðabirgðaákvæðis sem frestar áhrifum laganna á reikningssskil áráanna 2015 og 2016 sem verða með óbreyttu sniði

# Breytingar vegna LOF

- Mikill undirbúningur þegar átt sér stað
- Útfærsla ýmissa þátta
- Einfaldar leiðir eins og kostur er
- Innleiðingartímabil
- Forgangsröðun
- Svör við spurningum

# Fjarreiðulög nr. 88/1997

- Um bókhald ríkisaðila gilda lög um bókhald og lög um ársreikninga sé ekki sérstaklega getið um annað
- Ýmis ákvæði um framsetningu reikningsskila
  - A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur
  - Umfjöllun um ríkistekjur, skattaafslætti og innheimtu fyrir aðra
  - Sértekjur skulu færast til lækkunar á gjöldum
  - Sagt til um flokkun útgjalda
  - Varanlegir rekstrarfjármuni skal færa til gjalda á því reikningsári sem stofnað er til kaupa
  - Halda skal sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins

# Lög um opinber fjármál nr. 123/2015

- V. Kafli – Reikningsskil og skýrslugerð
  - Skýrslur og upplýsingar greinargóðar, áreiðanlegar og tímanlegar
  - Flokkun á starfsemi og verkefnum ríkisins
  - Skilgreining og flokkun tekna samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli
  - Reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla
  - Reikningsskil einstaka ríkisaðila samkvæmt lögum um ársreikninga
  - Reikningsár ríkisaðila skal vera almanaksárið

# Breytt reikningsskil

- Meðhöndlun tekna
- Veruleg breyting á efnahagsreikning
  - Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna
  - Skuldbindingar inn í efnahag
- Samstæðuuppgjör
- Breytt meðhöndlun verðbóta og gengismunar
- Reikningsskil falla að viðurkenndum alþjóðlegum skilgreiningum

# Áhrif á stofnanir

- Meðhöndlun tekna
- Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna
- Orlofsskuldbinding
- Meðferð skuldbindandi langtímasamninga
- Innbyrðisviðskipti
- Uppfærsla á tegundalykli
- Stofnefnahagsreikningur
- Ársreikningur



# Meðferð tekna

- Markaðar tekjur færast beint hjá ríkissjóði en ekki tilteknum stofnunum
- Rekstrartekjur stofnana í A-hluta færast í samstæðu sem hluti af tekjum en ekki til lækkunar gjalda
- Nettófærslur á einhverjum þáttum
  - Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á skatttekjum
  - Greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs kemur til lækkunar á bókfærðum tekjum ríkissjóðs af skattinum
- Allar vaxtatekjur renna í ríkissjóð nema sérlög kveði á um annað
- Aðrar rekstrartekjur skiptist upp og færast annað hvort með skatttekjum eða með rekstrartekjum stofnana



# Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna

- Undanþága frá ársreikningalögum í fjárreiðulögum nú afnumin
- Eignfæra skal varanlega rekstrarfjármuni og afskrifa yfir ætlaðan notkunartíma
- Varanlegir rekstrarfjármunir eru þeir rekstrarfjármunir sem ætlaðir eru til varanlegrar notkunar eða umfram eitt reikningsár
- Snýr annars vegar að eignum í rekstri sem hafa áður verið gjaldfærðar og hins vegar að breyttu fyrirkomulagi vegna nýrra fjárfestinga

# Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna

- Áframhaldandi tenging bókhalds við eignaskrá
- Það sem áður var fært á 58 tegundir í bókhaldi færist nú á nýjar 18 tegundir sem verða hluti efnahagsreiknings
- Slíkar færslur færist sjálfkrafa í eignakerfi sem mun svo reikna afskriftir og skila í fjárhag
- Yfirferð yfir skráningar í núverandi eignakerfi
- Viðmið á eignategundum um afskriftatíma og áætlað lokavirði

# Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna

- Matsvirði á eldri eignum
  - Afskrifað kostnaðarverð þar sem það er þekkt í langflestum tilfellum
  - Áætlað kostnaðarverð í þeim tilfellum þar sem kostnaðarverð er ekki þekkt
  - Fasteignir metnar á afskrifuðu endurstofnverði
  - Mögulega verða einhverjar af verðmeiri eignum meðhöndlaðar með öðrum hætti – samvinna FJS, FJR og stofnana
- Forstöðumenn staðfesta skráningu á núverandi eignum út frá listum úr eignakerfi
- Verklagsreglur og leiðbeiningar verða gefnar út um meðhöndlun nýrra fjárfestinga



# Orlofsskuldbinding

- Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna verður færð inn í efnahagsreikning
- Breyting frá einu tímabili til annars verður færð yfir rekstur til hækkunar eða lækkunar gjalda eftir því hvort skuldbinding hækkar eða lækkar
- Reiknuð út frá stöðu í Vinnustund og launum í launakerfi
- Forstöðumenn þurfa að tryggja rétta skráningu í Vinnustund
- Stofnanir utan Vinnustundar munu þurfa að tryggja upplýsingagjöf – útfærsla væntanleg

# Meðferð skuldbindandi langtímasamninga

- Skuldbindandi langtímasamningar færast í efnahag stofnana
  - Dæmi leigusamningar
- Unnið er að útfærslu
- Yfirlit yfir slíka samninga hefur verið í ríkisreikningi undanfarinna ára en ekki hluti efnahagsreiknings
- Líklegt að þetta verði gert í ársuppgjöri ársins 2017 en ekki í milliuppgjörum
- FJS mun leiða þetta og senda frekari upplýsingar

# Innbyrðisviðskipti

- Samstæðuuppgjör krefst þess að innbyrðisviðskiptum innan A-hluta verði eytt út þegar samstæða er tekin saman
- Unnið er að því að tryggja merkingu slíkra tekna þannig að hægt verði á einfaldan hátt að keyra út þessar færslur fyrir samstæðuuppgjör
- Reynt að tryggja lágmarksáhrif á stofnanir
- Leiðbeiningar og verklagsreglur frá FJS þegar lengra verður komið

# Tegundalykill

- Nokkrar breytingar verða á tegundalyklinum
  - Tekjulyklar breytast eitthvað en reynt að lágmarka áhrif
  - Nýjir eignalyklar (18 sería)
  - Nýjir afskriftalyklar (verður hluti af 58 seríu)
  - Nýjar tegundir vegna skuldbindinga s.s. Orlofsskuldbindingar
  - Nýjir eiginfjárlyklar
  - Aðrar breytingar
- Nýr tegundalykill birtur á heimasíðu FJS um leið og hann verður tilbúinn ásamt leiðbeiningum



# Stofnefnahagsreikningur

- FJS og FJR munu í samráði við stofnanir útbúa stofnefnahagsreikninga þeirra sem gildi miðað við 1.1.2017
- Endanlegur stofnefnahagsreikningur liggur ekki fyrir fyrr en ríkisreikningur ársins 2016 liggur fyrir
- Breyting frá árslokum 2016 í stofnefnahag 2017 þarf formlega afgreiðslu – unnið er að útfærslu
- Helstu breytingar verði meðhöndlaðar þar s.s. eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna
- Veruleg breyting á eigin fé



# Skýrslur og reikningar – útlit og framsetning

- Ríkisreikningur mun breytast töluvert
- Lagt upp með að reikningar stofnana verði að grunni til með sama formi og ríkisreikningur
- Verið er að útfæra mögulegar breytingar á mánaðaruppgjörum og ársfjórðungsyfirlitum
- Stefnt er að því að uppgjör innan ársins verði með svipuðu sniði og ríkisreikningur

# Næstu skref

- Mörg verkefni framundan
- Mikilvægt að við eigum gott samstarf
- Áhersla á einfaldleika þar sem það er hægt
- Gerum ráð fyrir að halda fleiri fundi um afmörkuð atriði
- Hvetjum ykkur til að senda okkur spurningar í framhaldinu
- Sendum leiðbeiningar, upplýsingar og svör þegar þau liggja fyrir